

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Kirkjubæjarklaustri, 7.5.2012

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 140/2145
komudagur 7.5.2012

Umsögn og athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi ítreka áður innsenda umsögn og athugasemdir vegna draga að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, dags. 11.11.2011.

Þá taka samtökin undir sérstaka ábendingu faghóps I í ofan nefndri rammaáætlun, varðandi verndun, til stjórnvalda. Þar segir:

Faghópur I vill að auki koma sérstakri ábendingu varðandi verndun til stjórnvalda. Það er mat faghópsins að suðurhluti miðhálandisins, á hinu eldvirka belti frá Markarfljóti og austur að Skaftá búi yfir mjög miklum verðmætum, einkum í jarðminjum, landslagi og víðernum, en einnig að hluta til í lífríki. Innan þessa svæðis falla mörg af merkilegustu jarðfræðifyribærum landsins svo sem Torfajökulssvæðið, Eldgjá (frá Mýrdalsjökli að Langasjó), Lakagígar og Skaftáreldahraunið, móbergshryggir við Langasjó, Tungná og suðaustan Torfajökulssvæðisins og Markarfljótsgljúfur. Einnig má nefna Rauðubotna, Mælifellssand og Þórsmörk/Almenninga. Svæðið er ekki sérstaklega lífauðugt en þar eru þó tvenns konar vistkerfi sem eru mjög óvenjuleg á heimsvísu, breiskjuhraunin á hálendi Skaftáreldahrauns og hið þykka mosagróna Eldhraun á láglandi. Svæðið býr yfir einstaklega fjölbreyttu landslagi sem sumt á sér óviða, og jafnvel hvergi hliðstæðu og stórir hlutar þess eru enn lítt snortið víðerni.

(Niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar. Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði, bls. 72-73. Sótt á <http://www.idnarraduneyti.is/media/Acrobat/Skyrsla-verkefnisstjornar-2.-af..pdf> 7.5.2012).

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi leggja þunga áherslu á að allir virkjanakostir í Skaftárhreppi, sem fjallað er um í drögum að tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, verði í verndarflokki. Helstu rök samtakanna fyrir verndun svæðisins gegn virkjunum og afleiddum óafturkræfum framkvæmdum af þeirra völdum er hin mikla jarðfræðilega sérstaða svæðisins sem myndar stóra landslagsheild á um 7% af Íslandi. Svæðið einkennist af mikilli eldvirkni og samspili elds og íss. Vatnasvið Kúðafljóts, þar með talin Skaftá, Hólmsá og Tungufljót og vatnasvið jökulánna í austurhluta svæðisins, Djúpá, Brunná og Hverfisfljót eru enn óröskuð af virkjanaframkvæmdum. Óröskuð vatnasvið eru mikil auðlind sem ber að vernda, ekki síst nú á tímum þegar lítt eða óröskuð vatnasvið heyra til undantekninga á heimsvísu.

Landbúnaður og ferðaþjónusta eru undirstöðu atvinnugreinar í Skaftárhreppi. Þær byggja hvor um sig, og sem sterk heild á sjálfbæran hátt á náttúruauðlindum landsins og hinni rómuðu náttúru. Ljóst er að virkjanaframkvæmdir af því tagi sem um ræðir myndu koma verulega illa við þá starfsemi og skerða framtíðarmöguleika þessara starfsgreina. Nefna má skerðingu beitarlands á láglandi, aukið leirfok, fórn stórs hluta forns birkiskógar, upptöku lands vegna línulagna, minni fiskgengd, skerðingu víðerna, sjónmengun og margt fleira.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi skora því, á grunni framansagðs, eindregið á stjórnvöld og Alþingi að við lokafrágang Rammaáætlunar 2 verði allir virkjanakostir í jökulvötnum í Skaftárhreppi í verndarflokki.

Virðingarfyllst, f.h. Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi
Ólafía Jakobsdóttir formaður